

# Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Vigfús Þór Hróbjartsson <vigfus@utu.is>  
**Sent:** mánudagur, 3. júlí 2023 11:51  
**To:** Hulda Kristjánsdóttir; Árni Eiríksson; Walter Kristjánsson  
**Cc:** Davíð Sigurðsson  
**Subject:** Loftssstaðir Vestri

Sæl verið þið, það er ein spurning sem mig langar að velta til ykkar varðandi þetta eilífðar mál sem við erum reyndar að klára.. Í greinargerðinni er tiltekið eftirfarandi um byggingarheimildir

## 3.1. Byggingar

Ekki verður gert ráð fyrir viðbyggingu við íbúðarhús eða hlöðu en heimild til viðhalds og endurgerðar í núverandi mynd. Nýjar byggingar verða að **jafnaði** á einni hæð.

**Byggingarreitur B1 –** Heimilt er að byggja þjónustuhús allt að 120 m<sup>2</sup> að stærð. Mænisstefna er frjáls en gæta skal að innbyrðis samræmi.

**Byggingarreitur B2 – B4 –** Heimilt er að byggja allt að 7 gestahús 40-75 m<sup>2</sup> hvert að stærð. Fjöldi bygginga 2 – 4 innan hvers byggingareits. Mænisstefna er frjáls en gæta skal að innbyrðis samræmi.

**Byggingarreitur B5 –** Heimilt að reisa allt að 20 tjöld sem verða innréttuð, með gólfí og jafnvel verönd, sem haft er á sama stað um ótilgreindan tíma og leigt út til gistingar. Tjöldin sem um ræðir eru af tveimur stærðum, annars vegar 22 m<sup>2</sup> og geta hýst 2 einstaklinga og hins vegar 48 m<sup>2</sup> sem hýst getur 4 einstaklinga.

Þarna gætti ákveðins misskilning hjá landeigenda virðist vera þar sem að 2019 var sótt um breytta skráningu á íbúðarhúsini í íbúðarhús/þjónustuhús. Því var frestað þangað til að skipulagið myndi klárast. Það er í raun ekki gert ráð fyrir því að íbúðarhúsið sé þjónustuhús m.v. þennan texta í skipulaginu en ég tel að það hafi á öllum tínum verið gert ráð fyrir því að svo ætti að vera. Gerið þið athugasemdir við að þessu verði breytt í greinargerðinni þótt svo að búað sé að afgreiða málið í sveitarstjórn. Það má alveg halda því fram að þetta sé hreinlega innsláttarvilla þar sem húsið hefur sannarlega verið nýtt sem þjónustuhús fram að þessu. Textinn verði þá „*Ekki verður gert ráð fyrir viðbyggingu við íbúðarhús/þjónustuhús eða hlöðu en heimild er til viðhald og endurgerðar í núverandi mynd.*“ Gætuð hugsanlega tekið uppfært skjal fyrir hjá ykkur á fundi á morgun líka?

Bestu kveðjur,  
Vigfús Þór Hróbjartsson  
Skipulagsfulltrúi



Umhverfis- og  
tækniðið Uppsveita

Dalbraut 12  
840 Laugarvatn  
Sími: 4805550

[www.utu.is](http://www.utu.is)

Kortasjá Suðurlands: <https://www.map.is/sudurland/>  
Þú sérið afgreiðslur erinda þinna í [postholfinu.binau.island.is](http://postholfinu.binau.island.is) (mínar síður)  
[Náðu bér í island.is – appið](http://Nadeu.beru.island.is)